



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)*

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð:

- að innleiðingartímabil verði framlengt út árið 2024 (1. gr.)
- að gildistími reglnanna sé framlengdur til 31. desember 2024 (27. gr.)

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs að því gefnu að ríkið haldi áfram greiðsluþátttöku með sama hætti og verið hefur.

Greinargerð:

Tillaga um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð var lögð fyrir fund velferðarráðs þann 24. maí sl. og er hún nú lögð fram aftur með breytingum.

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 19. mars 2019.

Samkvæmt 27. gr. reglnanna tóku þær gildi þann 1. maí 2019 og áttu þær að gilda til 31. desember 2022. Á fundi velferðarráðs þann 30. nóvember 2022 og á fundi borgarráðs þann 8. desember 2022 var gildistími reglnanna framlengdur til 30. júní 2023. Á þeim tíma lá ekki fyrir hvort bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, yrði framlengt eða hvort það myndi falla á brott um áramótin 2022/2023. Með vísan til þeirrar óvissu sem var uppi var lögð til tímabundin framlenging reglnanna svo ekki yrði rof í þjónustu hjá þeim aðilum sem fengið höfðu þjónustu í formi notendastýrðar persónulegrar aðstoðar samkvæmt reglum borgarinnar. Einnig veitti slík framlenging færi á því að unnt væri að vinna að því að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk þegar í ljós væri komið hvort innleiðingartímabili væri lokið eður ei.

Þann 1. janúar 2023 tók gildi breyting á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sem fól í sér breytingu á bráðabirgðaákvæði I í lögumum. Með breytingunni var innleiðingartímabilið framlengt út árið 2024 auk þess sem fjöldi NPA-samninga fyrir árið 2023 var tilgreindur allt að 145 samningar og á árinu 2024 allt að 172 samningar.

Með vísan til þess er lagt til að 3. mgr. 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð verði breytt á þann hátt að innleiðingartímabilið verði framlengt út árið 2024 til samræmis við framangreint bráðabirgðaákvæði.



Núgildandi 3. mgr. 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk er svohljóðandi:

1. gr.

Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

...

Innleiðing notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal eiga sér stað á tímabilinu 2019 til 2022. Fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum þeirra.

Lagt er til að 3. mgr. 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði svohljóðandi:

1. gr.

Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

...

Innleiðing notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal eiga sér stað á tímabilinu 2019 til 2024. Fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum þeirra.

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að því að endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð, m.a. með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, frá apríl 2022. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hafa borist upplýsingar um að til standi að setja nýja reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð og er því fyrirséð að frekari breytingar verði á þeim ramma sem gildir um notendastýrða persónulega aðstoð. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er því ekki tímabært að gera frekari breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð að svo stöddu en gera má ráð fyrir að frekari breytingar muni eiga sér stað á reglunum á innleiðingartímabilinu. Því er lagt til að gildistími reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð verði framlengdur til 31. desember 2024 til samræmis við framangreint bráðabirgðaákvæði. Tímabundin framlenging regnanna felur þá í sér að ekki verði rof í þjónustu hjá þeim aðilum sem fengið hafa þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar samkvæmt reglum borgarinnar. Þá veitir slík framlenging einnig færi á því að áfram verði unnið að því að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.



Núgildandi 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk er svohljóðandi:

27. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessara framlengdur til 30. júní 2023.

Lagt er til að 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði svohljóðandi:

27. gr.

Gildistaka

*Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessara framlengdur til **31. desember 2024.***

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs að því gefnu að ríkið haldi áfram greiðslupáttöku með sama hætti og verið hefur.